Stjórnarfundur Foreldrafélags Helgafellsskóla

Miðvikudagurinn, 13.10.2021

Þriðji stjórnarfundur foreldraféags Helgafellsskóla.

Contents

Stjórnarfundur Foreldrafélags Helgafellsskóla 1
Upphaf fundar 1
Mættir: 1
Fundartíðni 1
Halloween 2
Árgangafulltrúar 2
Óskir um að sækja snemma 2
Bæjarfell 2
Samantekt frá SAMMOS 2
Styrkur frá Mosfellsbæ 2
Vakt á Stekkjarflöt 2
Dagsetningar fyrir Heimili og skóli fyrirlestur 3
Leikskólar í SAMMOS 3
Aukinn stuðningur frá Mosfellsbæ 3
Aðgerðir eftir fund 3

Upphaf fundar

Fundurinn var haldinn á Zoom

Mættir:

Ólafur Dan, Sunna Ósk, Jóna, Sonja Petra og Gunnar Ingi.

Ritari fundargerðar var Gunnar Ingi

Ólafur setti fundinn og stuttlega farið yfir dagskrá fundarins.

Fundartíðni

Uppástunga að gera ráð fyrir mánaðarlegum fundum og að setja upp seríu. Ákveðið að setja upp Facebook events fyrir fundina.

Halloween

Vel tekið í það hjá fulltrúum íbúasamtakanna að setja inn post á facebook og hvetja folk til að setja út kerti eða merkja bjölluna ef það vill taka á móti börnum í búningum. Reiknum með tíma milli 17:00 og 19:00 (31. Október).

Ólafur setur sig í samband við Rósu upp á að fjármagna kaup á skrauti. Reiknum með c.a. 10.000 á bekk og eitthvað í leikskólann. Reiknum með hámarki 100.000.

Greiðsluseðlar

Jóna er að verða tilbúin í að senda út greiðsluseðla. Er komin með lista af greiðendum.

Árgangafulltrúar

Búið að biðja einhverja árgangafulltrúa að halda áfram og einhverjir voru til í það. Það þarf að ýta í fleiri. Koma á fót fundi með fulltrúum og nota það sem gulrót eða deadline. Höfum 28.10, 1.11 eða 2.11 sem ácætlaðar dagsetningar.

Óskir um að sækja snemma

Tilkynningar frá leikskóladeildinni ræddar. Tillaga um að passa upp á að það sé einhver rótering á því þegar foreldrar eru beðnir um að sækja svo þetta sé ekki alltaf á sömu höndunum.

Bæjarfell

Ákvarðanir teknar um að skipta deildinni upp og setja hluta hennar upp á aðra hæð og hluta á fyrstu hæð. Fundur haldinn með foreldrum en svör óskýr. Mikil óánægja hjá foreldrum og tilfinning að það sé verið að setja hluta hópsins í "skammarkrók" og að stjórnendur séu að fría sig ábyrgð.

Þetta ástand er í ferli hjá bæði Helgafellsskóla og Mosfellsbæ og ákveðið að foreldrafélagið þurfi að vera upplýst um stöðuna. Það þarf að ríkja traust um það að lausn málsins sé til frambúðar og að svona ástand taki sig ekki upp aftur.

Samantekt frá SAMMOS

Styrkur frá Mosfellsbæ

Rætt á SAMMOS fundi að samtökin eigi inni styrk frá Mosfellsbæ sem er enn ónýttur. Rætt að nýta hann í fyrirlestur fyrir bekkjarfulltrúa með jafnvel einhverri viðbót.

Rætt að það mætti líka fá inn fyrirlesara frá átakinu um bættan svefn sem Reykjavíkurborg er að setja af stað.

Vakt á Stekkjarflöt

Á að taka upp með fræðslusviði. Leggja áherslu á foreldraröltið og að það sé ekki alltaf sami hringurinn tekinn.

Dagsetningar fyrir Heimili og skóli fyrirlestur
Óskað eftir hugmyndum að dagsetningum frá foreldrafélaginu fyrir fyrirlestur frá Heimili og skóla. Sú tillaga þarf að koma frá okkur og er í punkti um Árgangafulltrúa.

Leikskólar í SAMMOS
Komin pressa á að leikskóladeildirnar komi inn í SAMMOS. Hugsanlega verði stofnað sér SAMMOS fyrir það. Þarf að fara fyrir fræðslunefnd.

Aukinn stuðningur frá Mosfellsbæ
Rætt í SAMMOS að Mosfellsbær stígi fastar inn og styrki við námskeið og fræðslu eins og t.d. Reykjavíkurborg er að gera. Verið að þrýsta á bæinn að taka stærri skref þar.

Verkefni sem mætti fjármagna
Taka saman hugmyndir að fyrirlestrum sem við gætum fjármagnað fyrir foreldra.

Aðgerðir eftir fund
Setja sig í samband við Rósu - **Ólafur**

- Ræða fjármagn fyrir Halloween
- Ræða fundarbókun fyrir fund með árgangafulltrúum
- Ræða tilkynningar um covid sóttkví hjá bekkjum eða starfsmönnum
- Fá upplýsingar um hver titillinn að fyrirlestrinum var á mánudaginn

Koma pósti á Rósu sem skili sér með föstudagspóstunum í þessari viku - **Ólafur**

Setja upp auglýsingu fyrir Halloween inn á íbúasamtökin - **Sunna**

Fá aðgang að gamla tölvupóstinum – **Gunnar**

Senda út greiðsluseðla - **Jóna**